

# STJÓRNARTÍÐINDI A 8 – 1999

---

23. mars 1999

173

Nr. 63

## FORSETABRÉF um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 123. löggjafarþings, frá 25. mars 1999.

*Gjört á Bessastöðum, 23. mars 1999.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Davíð Oddsson.*

25. mars 1999

Nr. 64

## AUGLÝSING um þingrof og almennar kosningar til Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um þingrof og almennar kosningar til Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Þegar Alþingi, 123. löggjafarþing, hefur samþykkt frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum, ber samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar að rjúfa þing og stofna til almennra kosninga að nýju, og samkvæmt 122. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, að ákveða kjördag.

Samkvæmt þessu veiti ég forsætisráðherra hér með umboð til þess í mínu nafni að rjúfa Alþingi þegar framangreint stjórnarskipunarlagafrumvarp hefur verið samþykkt og boða til nýrra kosninga, sem ákveðst að fram skuli fara laugardaginn 8. maí 1999.

*Gjört á Bessastöðum, 23. mars 1999.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

---

*Davíð Oddsson.*“

Þar eð Alþingi hefur í dag samþykkt nefnt stjórnarskipunarlagafrumvarp hefur Alþingi samkvæmt þessu umboði verið rofið og ákveðið að almennar kosningar til Alþingis fari fram laugardaginn 8. maí 1999.

*Forsætisráðuneytinu, 25. mars 1999.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*